

# STJÓRNARTÍÐINDI B 59 – 1989

---

---

29. ágúst 1989

869

Nr. 416

## REGLUGERÐ

um bann við togveiðum á Héraðsflóa.

1. gr.

Frá og með 5. september 1989 til og með 28. febrúar 1990 eru allar togveiðar bannaðar innan línu, sem dregin er í tólf sjómílna fjarlægð frá viðmiðunarlínu, á svæði, sem að norðan markast af línu, sem dregin er réttvísandi austnórðaustur frá Ósfles (65°37'8 N, 13°55'3 V) og að sunnan af línu, sem dregin er réttvísandi austur frá Glettinganesi (65°30'5 N, 13°36'3 V).

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 29. ágúst 1989.*

F. h. r.

**Árni Kolbeinsson.**

*Jón B. Jónasson.*

29. ágúst 1989

Nr. 417

## REGLUGERÐ

um sérstök togveiðisvæði samkvæmt lögum nr. 3, 8. janúar 1988.

1. gr.

Prátt fyrir ákvæði B., F. og G.-liðar 3. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, er öllum skipum heimilt að stunda veiðar með botnvörpu á eftirgreindum svæðum og tímum:

A. Í Héraðsflóa, frá og með 5. september 1989 til og með 31. desember 1989, frá línu réttvísandi austnórðaustur af Bjarneyjarvita að línu réttvísandi austnórðaustur af Ósfles (65°37'8 N, 13°55'3 V), utan línu, sem dregin er í einnar sjómílu fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins.

B 64

- B. Utan Breiðafjarðar, frá og með 1. október 1989 til og með 31. desember 1989, norðan 65° og utan fjögurra sjómílna frá línu, sem dregin er úr Öndverðarnesvita í Bjargtanga (65°30'2 N, 24°32'1 V). Að norðan markast svæðið af línu dreginni réttvísandi í vestur frá Bjargtöngum.
- C. Fyrir Vestfjörðum, frá og með 1. október 1989 til og með 31. desember 1989, utan línu, sem dregin er 8 sjómíllur utan viðmiðunarlínu samkvæmt lögum nr. 81/1976, frá línu dreginni réttvísandi í vestur frá Bjargtöngum að línu, sem dregin er 317° réttvísandi frá Óshólavita í Ísafjarðardjúpi. Norðan línu, sem dregin er 317° frá Óshólavita norður um að 22°44'0 V, eru togveidar með botnvörpu heimilaðar utan fjögurra sjómílna frá viðmiðunarlínu.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 19. gr. laga nr. 3, 8. janúar 1988 um stjórn fiskveiða 1988–1990 til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 29. ágúst 1989.*

F. h. r.

**Árni Kolbeinsson.**

*Jón B. Jónasson.*

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 432, 1. september 1987 um starfsheiti og starfsréttindi matvælafræðinga, sbr. breytingu á þeirri reglugerð nr. 163/1988.**

1. gr.

Ákvæði til bráðabirgða hljóði svo:

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr., er ráðherra heimilt til 31. desember 1990, að veita starfsleyfi þeim einstaklingum, sem gegndu störfum matvælafræðinga við gildistöku reglugerðar nr. 423/1987, og höfðu gert það í a.m.k. þrjú ár. Leita skal umsagnar sömu aðila og um getur í 1. gr. Slíku starfsleyfi fylgir ekki réttur til að kallast matvælafræðingur.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í lögum nr. 24, 28. maí 1985 um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta, öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 10, 5. janúar 1989 um breyting á reglugerð nr. 432/1987 um starfsheiti og starfsréttindi matvælafræðinga.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 24. ágúst 1989.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Dögg Pálsdóttir.*